

**Fundargerð stjórnar BÍS 16/2014. miðvikudaginn 20. ágúst 2014 kl. 17.30,  
Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.**

Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Unnur Flygenring, formaður dagskrárráðs, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs og Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri.

Fjarverandi:

Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi og Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs.

Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna. BB óskar öllum til hamingju með vel heppnað Landsmót skáta.
2. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar. Samþykkt
3. Fimm mínútur foringjans. HS stýrði.
4. Yfirlit stjórnarmanna.
  - a. BB. Landsmót gekk vel. Heimsping WOSM gekk vel. Áhyggjur BB snúast um næstu fjárlagagerð.
  - b. BS. Var á Ungmennanþingi í Slóveníu. Gaf henni góðar hugmyndir fyrir veturinn.
  - c. GBB. Vinna í gangi varðandi kynningarviku. Myndbönd og skátakálfur í Fréttatímanum. Fyrsti fundur vetrar er skipulagður í næstu viku.
  - d. JÞG. Hitti laganefnd eftir síðasta stjórnarfund. Vinnuhópurinn fer að skila af sér umsögn til stjórnar. WAGGS heimsping og undirbúningsfundur, WOSM heimsping og undirbúningur, framboð okkar, Norræna skátanþingið verður haldið í Hörpunni í vor, Japani er að koma í heimsókn, Ung í Norden er í undirbúningi, leikur á Landsmóti skáta gekk vel vegna hvatakerfis, aðstoða World Scout Moot við að skipuleggja Norrænt samstarf, er að svara almennum fyrirspurnum erlendra skáta, næsti fundur er í næstu viku. Fundur með eldri skátum á Landsmóti 40+ gekk vel. Framhald verður á þeirri vinnu.
  - e. KÓ. Grænir skátar ganga vel. Greiningarvinna framundan. Er að fara hitta samstarfsaðila í Maine í Bandaríkjunum. Endurmeta þarf árangur Tjaldaleigu skáta.
  - f. UF. Gekk vel að kynna nýtt hvatakerfi skáta. Fékk mjög góð viðbrögð hjá skátafélögunum. Stefnt er að því að þetta verði tilbúið í byrjun september og verður til sölu í Skátabúðinni. Tók þátt í Landsmót 40+ og var með umræðu við fullorðna.
5. Skipulag róverskátastarfs. UF lagði fram gögn til upplýsingar um framvindu mála. Haldnir hafa verið nokkrir fundir með róverskátum og sú vinna hefur nýst vel í undirbúningi þessarar vinnu. Stefnt er að því að klára þessa vinnu á þessu ári.
6. Meginviðfangefni

- a. Þjónustuheimsóknir BÍS til skátafélaga. HS lagði fram tillögu um með hvaða hætti fundirnir færu fram. Áhersla var lögð á að hlusta og styðja við félögin en að koma okkar efni á framfæri. Lagt er til að heimsóknir fari fram á tímabilinu 15. sept – 1. okt. og það fari að jafnaði tveir frá Skátamiðstöðinni í heimsókn. Jafnframt voru lögð voru fram drög að spurningalista fyrir stjórnarmenn til að hafa við hendina í heimsóknunum. Tillagan og dagsetningar samþykktar. HS, JA og FFS er falið að búa til samræmdan spurningalista með mælikvörðum og skila til stjórnar. Stjórnarmenn senda viðbótar spurningar á HS fyrir næsta fund. HS er falið að finna dagsetningar fyrir næsta fund þar sem stjórnarmenn geta skipt með sér skátafélögum.
  - b. Starfsáætlun BÍS og stjórnar fram að Skátaþingi 2015. BB fór yfir starfsáætlun stjórnar fram að Skátaþingi. Samþykkt.
  - c. Alþjóðamál
    - i. Heimsþing WAGGGS. Farið var yfir fyrirbyggjandi skýrslu.
    - ii. Heimsþing WOSM. Farið var yfir fyrirbyggjandi skýrslu.
    - iii. World Scout Moot. Farið var yfir fyrirbyggjandi skýrslu.
    - iv. NSK. Farið var yfir fyrirbyggjandi skýrslu.
    - v. Samstarf við Pólland. JPG reifaði málið. Að tillögu JPG samþykkir stjórn að hafna samstarfinu.
    - vi. Diversity and inclusion námskeið. JPG óskaði eftir tilnefningum stjórnarmanna um að senda fulltrúa á þetta námskeið. Allt greitt nema 30% ferðakostnaður.
    - vii. Scout Academy námskeið. Ekki fékkst styrkur frá Erasmus+ í verkefnið og því lagt til að enginn verði sendur í ár. Samþykkt.
7. Yfirlit frá framkvæmdastjóra. HS fór yfir grunnþætti daglegrar starfssemi. Þar má nefna:
- a. Grænir skátar. Gengur vel. Miklar fjárfestingar í dósakössum og endurvinnslutunnum fyrir öll skátafélög landsins.
  - b. Tjaldaleiga skáta. Miklar fjárfestingar í sumar.
  - c. Breytingar í rekstri BÍS. Vegna yfirvofandi niðurskurðar frá ríkinu þarf að forgangsraða verkefnum þannig að starfsmennir nýtist sem best.
  - d. Fjárfestingar. BÍS fjárfesti í nýjum fundarborðum og stólum í salinn. Kemur vel út.
  - e. Trúnaðarmál.
  - f. Úlfljótuvatn.
  - g. Helstu verkefni framundan.
8. Afgreiðslumál
- a. Starfsyfirlit starfsmanna. Lá frammi.
  - b. Verkefnahópur um kynjajafnrétti í skátastarfi. Samþykkt.
  - c. Ferðabeidni. Framkvæmdastjórafundur 21.-23. september. Samþykkt.
  - d. Skátafélög. Auka aðalfundur er boðaður er hjá Skátafélaginu Heiðabúum mánudaginn 25. ágúst kl. 20. Á dagskránni er kosning nýs félagsforingja. Stjórnarmenn hvattir til að mæta.

- e. Kveðja frá aðstandendum Ólafs Ásgeirssonar fv. Skátahöfðingja. Móttekin.
  - f. Bréf frá Skátasambandi Reykjavíkur. Móttekið.
9. Önnur mál
- a. Menningarnótt. Skátafélögin verða með dagskrá frá kl. 13-17 í Hljómskálagarðinum. Skátasamband Reykjavíkur sér um framkvæmd. Stjórn hvetur alla til að mæta.
  - b. Global Support. JPG leggur til að fá úttekt frá WOSM. Samþykkt. JPG er falið að vinna málið áfram.
  - c. Tailored support. Stjórn samþykkir að sækja um TS í stuðning við skátafélögin. JPG er falið að vinna málið áfram.
  - d. Heimsókn frá tengilið Evrópustjórnar WOSM. Stjórn óskar eftir því að tengiliðurinn komi í heimsókn á Skátaþing. JPG falið að vinna málið áfram.
  - e. Ábyrgð stjórnarmanna. Á heimsþingi var bent ábyrgð stjórnarmanna. BB er falið að kynna sér efnið og kynna á næsta stjórnarfundi.

Fundi slitið kl. 20:00.

Fundargerð ritaði HS